

Alþingi
Erindi nr. P 130/921
komudagur 3.2.2004



Save the Children

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd Alþingis
B.t. Einars Farestveit, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 16. janúar, 2004

Umsögn um: Þingsályktunartillögu um þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki 43. mál.

Eitt af helstu stefnumálum Barnaheilla - Save the Children á Íslandi frá stofnun samtakanna hér á landi en þó sérstaklega hin síðari ár hefur verið að þrýsta á stjórnvöld að auka framlag sitt til þróunaraðstoðar barna.


Undanfarin misseri hefur umræðan um hvað þróunaraðstoð Íslendinga snýst um orðið meira áberandi en áður og er það fagnaðarefni. En eins og segir í álitserð á vegum utanríkisráðuneytisins um Ísland og þróunarlöndin sem kom út 1. september 2003 og var unnin af Hermanni Erni Ingólfssyni og Jónasi H. Haralz þá hefur opinber þróunaraðstoð Íslendinga frá upphafi verið lítil að vöxtum þrátt fyrir þátttöku landsins að alþjóðasamþykktum og alþjóðastofnunum. Þessu þarf að breyta.

Margt fróðlegt kemur fram í ofanefndri álitserð sem of langt mál yrði að telja upp hér. Eitt vilja samtökin þó taka sérstaklega undir og það er í kaflanum um frjáls félagasamtök þar sem segir "Hins vegar er eðlilegt að hærra hlutfall opinberrar þróunaraðstoðar fari um hendur frjálsra félagasamtaka en verið hefur hér á landi." (Bls. 38)

Barnaheill telja einnig að með því að auka hlut frjálsra félagasamtaka eins og Save the Children í alþjóða þróunarsamvinnu Íslands muni það hafa áhrif og jafnvel breyta innihaldi verkefna og leiða til meira jafnvægis á milli verkefna sem tengjast fiskiðnaðinum og verkefna er tengjast menntun, félagslegum verkefnum og heilsugæslu.

Barnaheill vilja jafnframt taka undir orð flutningsmanna í greinargerð með tillögnum að menntun stúlkubarna og kvenna í þriðja heiminum er forgangsmál. Alþjóðasamtökin Save the Children eru sammála þessari áherslu og vinna samkvæmt þeirri áherslu.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi.


Kristín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri